

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/23/25

frá 19. febrúar 2001

um undanþáguskilyrði fyrir glerumbúðir að því er varðar styrk þungmálma sem ákveðinn er í tilskipun 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang(*)

(tilkynnt með númeri C(2001) 398)

(2001/171/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaúrgang⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 11. gr. tilskipunar 94/62/EB er kveðið á um að dregið skuli í áföngum úr styrk þungmálma í umbúðum.
- 2) Reynsla fyrstu árána af beitingu 11. gr. hefur leitt í ljós sérstakt vandamál í gleriðnaði þar eð endurunnið gler er að hluta úr gleri sem inniheldur mikið blý.
- 3) Full beiting markanna 100 milljónarhlutar (ppm), sem eiga að gilda frá 30. júní 2001, gæti orðið til þess að draga úr notkun endurunnins glers ef fullnægja á ákvæðum 11. gr. Slíkt væri ekki æskilegt með tilliti til umhverfisins.
- 4) Undanþágan er hugsuð fyrir glerumbúðir vegna eiginleika þeirra, að því er varðar losun þungmálma, og vegna þess að mikilvægt er að hvetja til frekari endurvinnslu glers.
- 5) Undanþágan varðar mörkin 100 milljónarhlutar.
- 6) Lögbær yfirvöld skulu fá upplýsingar um mæliniðurstöður frá framleiðslustöðum og þær mæliaðferðir sem eru notaðar ef þau fara þess á leit.
- 7) Undanþágan skal falla úr gildi 30. júní 2006 nema ákveðið verði að lengja gildistíma hennar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr. tilskipunar 94/62/EB.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót samkvæmt 21. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Þessi ákvörðun skal ná til glerumbúða sem falla undir tilskipun 94/62/EB og markmið hennar er að fastsetja þau

skilyrði þar sem styrkleikamörkin, sem ákveðin voru í 11. gr. tilskipunar 94/62/EB, gilda ekki.

2. gr.

Í þessari tilskipun:

- skulu gilda þær skilgreiningar sem koma fram í 3. gr. tilskipunar 94/62/EB,
- merkir „notkun af ásettu ráði“: það að efni er notað af ásettu ráði í umbúðir eða efnisþátt umbúða í því skyni að búa til lokaafurð með tiltekinn eiginleika, tiltekið útlit eða af tilteknum gæðum. Það telst ekki notkun af ásettu ráði þegar endurunnin efni, sem innihalda ef til vill að hluta þá málma sem reglurnar ná til, eru hráefni í framleiðslu nýrra umbúðaefna.

3. gr.

Ef glerumbúðir uppfylla öll skilyrði sem um getur í 4. og 5. gr. þessarar ákvörðunar er heimilt, eftir 30. júní 2001, að þær fari yfir styrkleikamörkin 100 milljónarhlutar miðað við þyngd sem sett voru í 11. gr. tilskipunar 94/62/EB.

4. gr.

Óheimilt er að nota blý, kadmíum, kvikasilfur eða sexgilt króm af ásettu ráði í framleiðsluferlinu.

Því aðeins er heimilt að fara yfir styrkleikamörkin fyrir umbúðaefni að endurunnum efnum hafi verið bætt við.

5. gr.

Ef meðalstyrkur þungmálma fer tólf mánuði í röð yfir styrkleikamörkin 200 milljónarhlutar þegar tekin eru mánaðarleg sýni úr framleiðslunni úr hverjum glerofni, og framleiðslan er dæmigerð fyrir eðlilega og reglulega framleiðslustarfsemi, skal framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans leggja skýrslu fyrir lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum. Í þessari skýrslu skulu að minnsta kosti koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- mæligildi,
- lýsing á mæliaðferðunum sem voru notaðar,

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 62, 2.3.2001, bls. 20, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2001 frá 28. september 2001 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 60, 6.12.2001, bls. 23.

(1) Stjtið. EB L 365, 31.12.1994, bls. 10.

- hver sé líklegur uppruni þeirra þungmálma sem mælast í þessum styrk,
- ítarleg lýsing á ráðstöfunum sem gerðar hafa verið til að draga úr styrk þungmálma.

6. gr.

Ákvörðun þessi fellur úr gildi 30. júní 2001 nema gildistími hennar verði framlengdur, einkum á grundvelli skýrslna samkvæmt 5. gr. þessarar ákvörðunar og 17. gr. tilskipunar 94/62/EB í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr. tilskipunar 94/62/EB.

7. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. febrúar 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Margot WALLSTRÖM

framkvæmdastjóri.

Ef hvorki framleiðandinn né viðurkenndur fulltrúi hans hafa staðfestu innan Evrópusambandsins hvílir sú skylda á þeim sem markaðssetur vöruna í bandalaginu að leggja skýrslu fyrir lögbær yfirvöld.

Lögbær yfirvöld skulu fá upplýsingar um mæliniðurstöður frá framleiðslustöðum og þær mæliaðferðir sem eru notaðar ef þau fara þess á leit.